

Nd.

28. Frumvarp

til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Hvanneyrarhrepp.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson 2. þm. Eyf.

1. gr.

Fyrir Hvanneyrarhrepp eða nokkurn hluta hans, má gera lögreglusamþykt og byggingarsamþykt. Semur hreppsnefnd frumvarp til hvorrar samþyktar fyrir sig og sendir stjórnarráðinu, er staðfestir frumvarpið eða synjar því staðfestingar. Nú er frumvarpi sýnjað staðfestingar, og leggur stjórnarráðið þá málið af nýju fyrir hreppsnefndina með leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gera, til þess að frumvarpið verði staðfest.

2. gr.

Samþyktirnar staðfestar skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Fyrir brot gegn samþyktunum, má í þeim ákveða sektir, er renni í sýslusjóð.

4. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn samþyktum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.